

Skipulagsnefnd Garðabæjar - 10 (13.8.2015) - Breiðakur 1-15 og 2-16, br á dsk Akra.

Málsnúmer : 1503022
Málsaðili : Arkþing ehf
Niðurstaða (stutt) :
Fundardagur : 13.08.2015

Inngangur :

Niðurstaða : Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Akra sem nær til lóðanna Breiðakur 2-16 að lokinni kynningu sem stóð frá 15.maí til 26.júní. Tillagan gerir ráð fyrir því að í stað 2.hæða raðhúsa með 8 íbúðum komi tvö 2.hæða fjölbýlishús með 16 íbúðum. Tvö athugasemdabréf hafa borist þar sem að íbúar við Árakur og Dalakur lýsa yfir áhyggjum af aukinni umferð og álagi vegna aukins íbúafjölda. Íbúðum mun fjölga um 8 en ekki 16 eins og fram kemur í athugasemd. Íbúðum sem nota neðri hluta Akrabrautar sem aðkomu fjölgar úr 79 í 87 sem er ásættanleg aukning að mati skipulagsnefndar. Húsin að Breiðakri 2-16 liggja ekki að lóðum íbúðarhúsa að Dalakri eins og gengið er út frá í athugasemd. Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna óbreytta og felur skipulagsstjóra að svara þeim sem athugasemdir gerður og ljúka skipulagsferli.